

profdoc[®]

Medical Office

Rafrænt sjúkraskýrslukerfi.

Almennar upplýsingar um uppbyggingu,
viðmót og kerfiseiningar

Profdoc Ísland

info@sjukraskra.is
sími: 898-2179

Almennar upplýsingar um PMO.....	4
Um PMO sjúkraskrárkerfið.....	4
Skipulag og notkun sjúkraskráa í PMO :	4
Tilfellabækur.....	4
Tilfellabækur – samantekt.....	5
Deildir.....	5
Aðgangsstýringar.....	5
Öryggi.....	5
Auðkenni notenda.....	6
Sértækar lausnir fyrir sérfræðinga.....	7
Heyrnarmæling	7
Rannsóknastofa	7
Læknisfræðileg ráðgjöf	7
Mæligildi.....	7
Sjónpróf	7
Veikindaskráning og vottorð.....	7
Teikniviðmót	7
Gagnabirting.....	8
Vaxtarlínurit.....	8
Bólusetningar.....	8
Almennar kerfiseiningar.....	8
Greiningaskráning.....	8
Myndir.....	8
Eftirfylgni.....	8
Viðvaranir og athugasemdir.....	8
Lyfseðill	9
Stöðueftirlit	9
Tákn	9
Hópar.....	9
Samskiptæiningar.....	9
Stafræn talritun (digital dictation).....	9
Skjöl og eyðublöð	9
Skráning í sjúkraskrá/tilfellabók.....	9
Yfirlit sjúkraskrár.....	10
Rafrænar rannsóknaniðurstöður	10
Yfirlit tilfellabókar.....	10
Útdráttur	10
Undirskrift	10
Rafræn samskipti	10
Tenging ytri tækja.....	11
Eftirlit með svörun beiðna	11
Tenging við önnur kerfi	11
Kerfiseiningar móttöku.....	11
Komuskrá	11
Úrvinnslulisti.....	11
Upplýsingar sjúklings.....	11

Tímabókun.....	11
Biðlisti.....	12
Sjóðsvél.....	12
Legudeild.....	12
Komuástæður	12
Heimilisföng	12
Vafri	12
Vinnulistar	12
Innri vefpóstur	12
Minnismiðar	12
Kerfisstjórnun / uppsetning útstöðva.....	13
Atburðaskrá.....	13
Fjölþætt atburða- og leyfisskráning:.....	13
F1 aðstoð	13
Tölfræði og skýrslur.....	13
Upphafssíða strax eftir innskráningu: Persónulegt yfirlit yfir verkefni viðkomandi notanda	13
Stillingar einstakra notenda	14

Almennar upplýsingar um PMO



Um PMO sjúkraskrárkerfið

Profdoc Medical Office byggir á yfir 20 ára reynslu notenda á Norðurlöndunum. Kerfið hefur áreiðanlegt og notendavænt viðmót sem er sérsniðið að þörfum heilbrigðisgeirans. Kerfið býður upp á bókunarkerfi, rafræna sjúkraskrá, reikningsgerðir, rafræna lyfseðla, eyðublöð TR, notandamiðað verkskipulag með dagbók auk samskipta milli notenda. Með lítilsháttar aðlögun er hægt að tengja kerfið við önnur sjúkraskrár- og heilbrigðisgagnagrunnskerfi.

Skipulag og notkun sjúkraskráa í PMO :

- Sjúkraskrá er auðkennd með kennitölu sjúklings og til öryggis er einungis leyft að skoða sjúkraskrá fyrir einn sjúkling í einu. PMO kerfið heldur utan um flýtilista yfir þá sjúklinga sem hafa verið skoðaðir eftir innskráningu, þannig að auðvelt er að fletta á milli sjúkraskráa.
- Sjúkraskrár og færslur hvers sjúklings flokkast eftir dagsetningu heimsóknar/færslu.
- Sjúkraskrá er alltaf merkt tiltekinni deild, t.d. "skurðstofa", eða nafn læknis/fyrirtækis þegar um einyrkja er að ræða. Hægt er að stýra aðgengi bæði á grundvelli tengsla notenda við deildir, milli deilda og/eða m.t.t. aðgangsréttinda einstakra notenda.
- Á hverri deild er hægt að gefa umsjónarmanni réttindi kerfisstjóra, sem ber ábyrgð á sjúkraskrárupplýsingum.
- Haldið er utan um allar upplýsingar sjúklings í kerfinu með tilfellabók sem gefur sýn á gögnum t.d. eftir mismunandi tímasetningum eða deildum
- PMO uppfyllir alla staðla skv. reglugerðum og lögum um persónuvernd.
- Hver innskráning, breytingar og færslur í sjúkraskrá eru skráðar, t.d. hver breytti gögnum, hvenær, hvernig, á hvaða deild o.s.frv.
- Ef breytingar eru gerðar á sjúkraskrá, eru þær auðkenndar og sýnilegar í kerfinu en hægt er að fela þær við framsetningu. Breytingum og skráningu þeirra er ekki hægt að eyða úr kerfinu.
- Notendur PMO fá aðgang að gögnum sjúklings í samræmi við útgefnar aðgangsheimildir notendaleyfis þeirra. Því getur ásýnd tilfellabóka sjúklings verið mismunandi eftir aðgangsheilmild notenda, t.d. sérfræðigreinum eða deildum.
- Auðvelt er að kalla fram gögn í PMO og keyra þau út á rafrænu formi, t.d. sem textaskrá eða töfluformi (t.d. Excel). PMO kerfið er með fyrirspurnarviðmót sem hægt er að aðlaga fyrir sérsniðnar skýrslur.

Tilfellabækur

Tilfellabók er viðmót sem sýnir og stýrir aðgangi að öllum gögnum tiltekins sjúklings. Aðgangur að tilfellabókum er veittur einstaklingi, hóp eða deild. Þannig er hægt að læsa tilfellabókum fyrir t.d. öllum nema einum notanda, ákveðinni sérgrein eða deild. Hver sjúklingur getur átt margar

mismunandi tilfellabækur, fyrir mismunandi sérfræðinga eða sérgreinar, heimilislækni, sjúkrahús og aðrar heilbrigðisstofnanir.

Markmið aðgangsstýringar tilfellabóka er að koma í veg fyrir að óviðkomandi sjái skráningu annarra starfsmanna aðra en heimild leyfir. Þannig geta t.d. móttökuritarar ekki séð innihald sjúkraskráa, nema þeim sé veitt sérstök heimild til þess.

Tilfellabækur – samantekt:

- Hver skráning varðandi sjúkling skráist aðeins í eina tilfellabók.
- Hver sjúklingur getur átt sjúkraskrár í mismunandi tilfellabókum, með skráningu sem er annaðhvort deilanleg eða sérstæð.
- Hver tilfellabók getur haft sína eigin ásýnd, lagaða að þörfum hvers notanda/stofnunar/deildar.
- Gerð tilfellabókar miðast við þjónustu viðkomandi aðila innan heilbrigðisgeirans.
- Mismunandi notendur geta haft aðgang að mismunandi tilfellabókum.
- Hver notandi getur haft aðgang að mörgum tilfellabókum.

Deildir

PMO kerfið skilgreinir deild sem þá einingu eða stað sem veitir tiltekna þjónustu. Hægt er að skipta stofnun eða fyrirtæki upp í mismunandi deildir. Þetta gefur möguleika á víðfeðmu yfirliti og eftirliti eins og góðri yfirsýn yfir bókanir. Sjúkraskrá sjúklings er tengd við deild sem auðveldar tölfræðisamantektir eins og t.d. yfirlit yfir fjölda bókaðra sjúklinga fyrir ákveðið tímabil. Hver notandi getur unnið á fleiri en einni deild. Hver deild getur haft mismunandi gerð tilfellabóka og lækni sem vinnur við fleiri eina deild getur haft mismunandi tilfellabækur fyrir hverja deild.

Aðgangsstýringar

Til að opna tilfellabók þá þarf notandi viðeigandi aðgangsheimild. Hægt er að stjórna því hverjir hafa réttindi til að lesa og breyta tilfellabók.

Réttindin eru þrennskonar:

1. Einstaklingsbundinn skrifaðgangur .
2. Sameiginlegur skrifaðgangur, þar sem fleiri en einn notandi hefur réttindi.
3. Lesaðgangur, sem veitir einungis lesréttindi að gögnum.

Öryggi

PMO er sérhannað sjúkraskýrslu- og heilbrigðisgagnagrunnskerfi og hefur áreiðanleiki og varnir þess verið þróaðar með það í huga. Þannig hefur verið lögð sérstök áhersla á að fyrirbyggja innbrot í kerfið, og tryggja örrugga varðveislu og dulkóðun gagna.

PMO notar Microsoft SQL gagnagrunn sem er mjög öruggur m.t.t. dulkóðunar gagna með samskiptastöðlunum Kerberos og SSL (Secure Socket Layer).

PMO notar Com+ fyrir hugbúnaðinn sjálfan. Com+ er öflug öryggisviðbót frá Microsoft sem sér um aðgangsstýringu fyrir ákveðna hluta PMO kerfisins.

Auðkenni notenda


PMO styður tvær aðferðir til að auðkenna notanda við innskráningu.

1. Notandanafn og lykilorð

Þetta er venjulega leiðin við innskráningu inn í PMO. Lykilorðin eru dulkóðuð og notandinn getur breytt þeim.

2. Windows innskráning (fyrir tölvunet með Active Directory uppsetningu)

Við þessa innskráningu inn í Windows þarf viðkomandi ekki að skrá sig sérstaklega inn í PMO. Sami notandinn þarf að vera skráður notandi í Active Directory á tölvuneti síns vinnustaðar.



Kerfiseiningar PMO:

Sértækar lausnir fyrir sérfræðinga

Heyrnarmæling

Skrásetning heyrnarmælinga og framsetning í línuriti.

Rannsóknastofa

Kerfiseining fyrir skráningu mæliniðurstaða á rannsóknastofu með möguleika á beintengingu við mælibúnað. PMO kerfið hefur innbyggt rannsóknastofukerfi, þar sem hægt er að setja upp rannsóknastofu, skilgreina mælingar, taka á móti rannsóknabeiðnum og senda svör. PMO kerfið getur tengst öðrum kerfum í öðrum stofnunum ef þau fylgja CCOW staðlinum. Nánari skilgreining á tengimöguleikum ytri rannsóknakerfa er í kerfiseiningunni "Rafrænar rannsóknaniðurstöður".

Læknisfræðileg ráðgjöf

Í þessari kerfiseiningu er hægt að skrá þá læknisfræðilegu ráðgjöf sem hefur verið veitt í staðlað skráningarform. Hægt er að tengja skráninguna sérstökum heilsufarsvandamálum. Kerfiseiningin er fyrst og fremst hugsuð til notkunar við skólahjúkrun, en verður síðar aðlögunarhæf að gátlistum lækna og leiðbeiningum fyrir sjúklinga.

Mæligildi

Allar mismunandi mælingar sjúklings (t.d. hæð, þyngd, blóðþrýstingur o.s.fr.), auk niðurstaðna rannsóknastofu, eru skráðar í sérstaka kerfiseiningu fyrir mælingar. Gildin eru framsett í töflu eða línuriti. Einnig er hægt að tengja og/eða birta gildin, t.d. rannsóknarniðurstöður og vaxtargildi í tímaröð, í sérstakri kerfiseiningu sem birtir gögnin á tímaási. Skráningarnar eru færðar inn í fyrirframákveðið staðlað viðmót með skilgreindum einingum.

Sjónpróf

Skráning á niðurstöðum sjónmælingar.

Veikindaskráning og vottorð

Sérstök kerfiseining er til staðar fyrir skráningu á sjúkravottorðum með möguleikum á rafrænni tengingu við TR.

Teikniviðmót

Í þessari kerfiseiningu er hægt að teikna, merkja við og skrifa á mismunandi bakgrunnsmýndir. Margir notkunarmöguleikar eru í þessu viðmóti, s.s. að merkja sársaukasvæði (VAS-kvarðinn er innifalinn), skurðsvæði, áverkisvæði, nálastungusvæði o.fl. Hver deild getur haft sínar sértæku bakgrunnsmýndir og teiknaða merkiskóða.

Gagnabirting

Gagnabirting er aðskilin kerfiseining sem gefur möguleika á að bera saman niðurstöður frá mismunandi kerfiseiningum á grundvelli sameiginlegra tímasetninga eða gildistöku, t.d. samanburður á mæliniðurstöðum frá rannsóknastofum, tilteknum mæligildum o.s.frv.

Vaxtarlínurit

Fyrir barnalækna, barnaheilsugæslu og skólaskoðanir. BMI-línurit fylgja ásamt reiknimynd (nomogram) og sérstökum vaxtarlínuritum (staðalfrávik miðað við norðurlöndin) fyrir Turners og Downs heilkenni.

Bólusetningar

Skráning sjúkdóms sem bóluset er fyrir, tegund bóluefnis, gefins magns, dagsetningar, og lotu-númers. Einnig eru möguleikar á að skrá aukaverkanir, frábendingar, hvort tiltekin bólusetning hafi ekki verið framkvæmd og hvers vegna. Hægt er að tengja upplýsingar sem finnast á veraldarvefnum við sérhvert bólusetningarefni (t.d. Fass).

Almennar kerfiseiningar

Greiningaskráning

Nokkur greiningakerfi, eins og til dæmis læknisfræðilegar greiningar ICD10 eru þegar uppsett innan PMO og stuðningur er við notkun fleiri greiningakerfa. Þá er mögulegt að skrá og flokka greiningar á mismunandi hátt, í langtíma-, skammtíma-, komu- og/eða útskriftagreiningar.

Hægt er að tengja greiningar við fyrirfram ákveðin vikmörk til þess að auðvelda eftirlit og eftirfylgni. Einnig er hægt að tengja ytri kerfi („symptoms advice & preventive measures“) við tiltekin vikmörk. Möguleikar eru á að tengja einkennaskráningu við verkferla í kerfinu sjálfu, og unnið er að frekari þróun á kerfinu hvað þetta varðar.

Myndir

Það er hægt að vista stafrænar myndir beint úr stafrænni myndavél eða skanna í tilfellabækurnar. PMO styður TWAIN samskipti við tengd jaðartæki. Þá eru einnig möguleikar á að taka á móti og vista myndir frá öðrum kerfum með öruggum rafrænum samskiptum.

Eftirfylgni

Hægt er á einfaldan máta að skrá og fylgjast með tilteknum heilsufarsvandamálum sjúklinga. Eftirlit með blóðþrýstingi, blóðsykursmælingum, starfsemi gangráðs, frávikum í vexti eða seinkuðum þroska eru dæmi um slíka notkun. Heilsugæslur, meðferðar- og eftirlitsaðilar geta sjálfir skilgreint hverju skal fylgst með.

Viðvaranir og athugasemdir

Kerfið býður upp á marga möguleika til þess að gera heilbrigðisstarfsfólki aðvart um t.d. lyfjaofnæmi sjúklinga eða önnur mikilvæg atriði eins og smitsjúkdóma eða þunganir. Dæmi um notkun er þegar tilfellabók sjúklings er opnuð þá birtist viðvörðunargluggi áður en hægt er að fara inn í sjálfa tilfellabókina.

Lyfseðill

Kerfiseiningin fyrir lyfseðla afgreiðir venjulega prentaða lyfseðla sem og rafræna lyfseðla. Þessi kerfiseining er tengd við sérlyfjaskrá til þess að auðvelda uppflettingu.

Stöðueftirlit

Kerfiseiningin auðveldar yfirsýn á stöðu margskonar minnislista, s.s. heilsufarsskráa, heilsueftirlits, minnisprófana ofl. Hægt er að aðlaga þessa kerfiseiningu eftir tegund spurninga (þannig gæti t.d. gátlisti breyst eftir svörun), setja inn vikmörk og tengilista.

Tákn

Mjög stórt safn myndrænna tákna er tiltækt í PMO fyrir skilgreiningar á mismunandi sjúkdómsástandi og fötlun. Auðvelt er fyrir deildir að bæta við eigin táknum.

Hópar

Hægt er að skilgreina sjúklingahópa, m.t.t. mataræðis, þjálfunar o.fl. Kerfiseiningin auðveldar tölfræðilega útreikninga á völdu úrtaki, ásamt reglulegu eftirliti með sérstökum hópum.

Samskiptaeiningar

Stafræn talritun (digital dictation)

PMO inniheldur aðgengilegt vinnuflæði fyrir stafræna talritun. Stuðningur er við nokkur stafræn talritunarkerfi en hljóðskrárnar vistast milliliðalaust í tilfellabók sjúklings. PMO kerfið heldur utan um stöðu talritunar. Þar sést einnig hvenær læknaritari hefur lokið innslætti af talritun og staðfestir þá lækni skráninguna með rafrænni undirritun.

Skjöl og eyðublöð

Þessi skjalvistunar kerfiseining auðveldar stjórnun á skjölum inn og út úr kerfinu, s.s. á beiðnum, afritum af sjúkraskýrslum o.fl. Notendur geta nýtt sér myndrænt viðmót kerfisins til þess að hanna eigin skjöl og bréf með stöðluðu útliti.

Einingin einfaldar einnig utanumhald mynda og skannaðra og rafrænna skjala. Sérstakt eftirlitskerfi aðstoðar notandann að hafa yfirlit og fulla stjórn á ferli skjalanna, í hvaða tilfellabókum þau birtast, hver útbjó skjalið og breytingumá því. Möguleikar eru fyrir deildir að skilgreina eigin skjöl og eyðublöð.

Þar sem skönnuð gögn tengjast sjúklingi í gegnum tilfellabókina er auðvelt að færa inn allar eldri sjúkraskrár af pappírsmi milliliðalaust yfir í rafrænt umhverfi.

Skráning í sjúkraskrá/tilfellabók

Með fyrirfram skilgreindum sniðmátum má aðlaga og auðvelda skráningu í tilfellabók. Í kerfinu má skilgreina leitarorð, hugtök og heiti fyrir mismunandi sérfræðigreinar heilbrigðisþjónustunnar. Hægt er að nýta réttitunarpúka fyrir þessa kerfiseiningu auk þess sem stuðningur er við sérstök tákn og leturgerðir.

Yfirlit sjúkraskrár

Í kerfinu er yfirlitssíða yfir valdar kerfiseiningar úr sjúkraskrá sjúklings. Hægt er að aðlaga uppsetninguna á yfirlitssíðunni að þörfum mismunandi notenda og sérgreina. Val er á mörgum mismunandi yfirlitum og auðvelt er að fletta á milli þeirra.

Rafrænar rannsóknaniðurstöður

Fjölþætt rannsóknagreining þar sem hægt er að panta og skrá svör á rannsóknaniðurstöðum, með möguleikum á framsetningu í töflu eða línuriti. Pantanir og svör geta borist rafrænt til og frá rannsóknarstofu. Tengimöguleikar eru á milli PMO og greiningartækja. Fjölþættar kerfiseiningar er til staðar fyrir samskipti við rannsóknarstofur í klínískri efnafræði (Klinkem), sýklafræði (Baktlab), meinafræði (PatCyt), lyfjadeild (Farmlab) og ónæmisfræði (Immunologi).

Tvær leiðir eru fyrir tengingu rannsóknarkerfa við PMO:

- i.* Beintenging (server/client) á milli PMO og fjölda rannsóknastofukerfa auðvelda móttöku á pöntunum og skilum á niðurstöðum. Færslur í PMO gagnagrunnin eru þá beintengdar við rannsóknastofukerfið.
- ii.* Staðbundin rannsóknastofu-uppsetning af PMO á útstöðvum, sem hægt er að skrá í eða tengja við kerfi rannsóknarstofunnar. Færslur í PMO gagnagrunninn fara í gegnum staðbundnu PMO uppsetninguna.

Yfirlit tilfellabókar

Í tilfellabókaryfirlitinu sjást allar skráðar upplýsingar frá öllum einingum PMO kerfisins fyrir tiltekinn sjúkling. Upplýsingarnar eru framsettar í öfugri tímaröð, þ.e. nýjustu færslurnar fremst. Viðmótið styður leit og síun á sérstökum upplýsingum og frjálsum texta. Frá upplýsingunum í tilfellabókaryfirlitinu er hægt að nálgast viðkomandi kerfiseiningu um tengil sem smellt er á.

Útdráttur

Kerfiseining til þess að gera útdrátt úr heilsufarssögu sjúklings. Hægt er að skilgreina og takmarka yfirlit, t.d. við greiningar eingöngu, eða tiltekin mæligildi, allt eftir óskum og þörfum einstaks notanda eða kröfum deildar.

Undirskrift

Allar upplýsingar sem skráðar eru vistaðar í PMO krefjast staðfestingu starfsmanns áður en þær vistast. Þetta felur í sér undirskriftir, gagnundirskriftir, undirskriftaskipti og áframsendingu undirskriftar. Hægt er að skilgreina hvaða upplýsingar krefjast skylduundirskriftar.

Útgáfustýring er á öllum gögnum tilfellabókar, þannig að strika má yfir rangar upplýsingar og leiðréttu í öllum einingum kerfisins en samt halda rekjanleika.

Rafræn samskipti

Kerfið býður upp á fjölþætt rafræn samskipti. PMO getur tekið á móti og sent út rafræna lyfseðla, átt samskipti við TR (samantekt reikninga, afsláttarkort, vottorð ofl), rafræn samskipti við röntgendeildir, sjúkravottorð, tilvísanir, ráðgjöf, læknaþréf, pöntun á sýnatöku/rannsókn, móttöku svara frá rannsóknastofu og samtengingu sjúkraskrárkerfa.

Tenging ytri tækja

Hægt er með þessari kerfiseiningu að tengja tæki rannsóknastofa beint í PMO kerfið og þannig færa niðurstöður beint úr mælitækjum í tilfellabók sjúklings (t.d. öndunarmælingar, blóðþrýstingsmælingar og áreynslupróf).

Eftirlit með svörun beiðna

Ítarlegt eftirlit með beiðnum og svörum, t.d. frá rannsóknastofum. Í yfirlitseiningu, sem er á forsíðu eftir innskráningu eru listaðir upp virkar beiðnir læknis og svör eru birt um leið og þau eru skráð inn í PMO kerfið.

Tenging við önnur kerfi

PMO getur tengst ýmsum ytri kerfum eins og t.d. EKG greiningarforritum, tækjum til álagsprófa, ómtækjum, öndunarmælum og blóðþrýstingsmælum samkvæmt CCOW staðli (Clinical Context Object Workgroup). Önnur sjúkraskrárkerfi sem fylgja HL7 staðli geta tengst á þennan máta beint við PMO.

Kerfiseiningar móttöku

Komuskrá

Skráning mismunandi atriða sem tengjast móttöku sjúklings, t.d. símatíma, bókaðra heimsóknna, bráðamóttöku eða sýnatöku.

Úrvinnslulist

Í þessari kerfiseiningu fer fram skráning á framkvæmdum aðgerðum/ráðstöfunum og tenging við frágengna ráðstöfunarskrá. Hægt er að bæta við nýjum aðgerðalistum og mögulegt að tengja þá sjúkdómsgreiningum.

Upplýsingar sjúklings

Í þessari kerfiseiningu er hægt að:

- Nýskrá / kalla fram skráðan sjúkling
- Skrá upplýsingar um sjúklinga, aðstandendur og vinnuveitendur

Heimilisföng, kennitölur og nöfn eru fengin úr þjóðskrá, en er einnig er hægt að slá allar slíkar upplýsingar inn beint.

Tímabókun

Dagatalsviðmót sem auðveldar tímabókanir sjúklings og bókanir í rannsóknartæki og skoðunarrými. Með einum músarsmelli er hægt að flytja sjúkling af biðlista yfir í tímabókun. Tengja má við bókunina hluta af sjúkraskrá sjúklings sem texta eða viðhengt skjal. Hægt er að leita, færa eða afrita tíma sem hefur verið bókaður. Mögulegar viðbætur í þessa kerfiseiningu eru: Vefbókun sjúklings, og sending sjálfvirkar áminningar með tölvupósti eða SMS skeyti í síma.

Biðlisti

Biðlistinn í PMO er verkfæri til þess að auðvelda utanumhald við bókun og móttöku sjúklinga sem bíða eftir tíma og sjá til þess að þeir fái tilkynningar um tíma sem hentar þeim. Í PMO er hægt að vera með marga biðlista samtímis, t.d. miðlæga biðlistastjórnun fyrir margar deildir og einingar.

Sjóðsvél

Sjóðsvél deildar er stillt eftir þörfum deildarinnar. Hægt er að birta verðlista TR/stofnunar. Mánaðarlegu uppgjöri eininga er skilað rafrænt.

Legudeild

Í þessari kerfiseiningu er hægt að skrá innlagnir og útskriftir sjúklinga af deildum. Deildir geta verið samsettar af minni einingum, t.d. herbergjum, eða jafnvel einstökum sjúkrarúmum. Yfirlitið sýnir laus pláss, og upplýsingar um komu og útskrift sjúklings.

Komuástæður

Þessi kerfiseining er notuð til þess að skrá og flokka sjúklinga í hópa eftir ástæðu komu. Slíkt gefur möguleika á eftirliti, samantektum og auðveldar úrvinnslu og tölfræði. Komuástæður geta verið litakóðaðar til þess að flýta fyrir dagbókaryfirliti.

Heimilisföng

Í PMO er miðlæg heimilisfangaskrá (þjóðskrá) sem hægt er að tengja við ytri skrár, s.s. símaskrá. Auðvelt er að breyta og bæta við upplýsingum, t.d. farsímanúmerum og tímabundnum heimilisföngum.

Vafri

Þessi eining felur í sér innbyggðan vefvafra sem stýrir aðgangi að veraldarvefnum útúr PMO kerfinu. Hægt er að flokka og stjórna allri vefnotkun í kerfinu og þannig skilgreina heimild að ákveðnum vefsíðum (t.d. lyfjaskrá), eða hindra aðganga að öðrum vefsíðum.

Vinnulistar

Vinnulistar auðvelda eftirlit og eftirfylgni með starfsemi, framkvæmd og tímaáætlunum. Listarnir geta miðast við einstaka sjúklinga, sjúklingahópa eða notendur kerfisins.

Innri vefpóstur

Hægt er að senda örugg skilaboð á milli notenda í PMO-kerfinu ef deildirnar eða notendurnir hafa aðgang að sama miðlara. Til þess að geta sent vefpóst á milli notenda í tveimur mismunandi kerfum þurfa miðlarar kerfanna að vera tengdir. Með innri vefpósti er hægt að senda ýmis sjúklingagögn sem viðhengi, s.s. beiðnir eða svör frá rannsóknastofum.

Minnismiðar

Rafræna minnismiða er hægt að nota t.d. fyrir gögn sem ekki eru færð í sjúkraskýrslu eða sem minnismiða til eigin nota fyrir heilbrigðisstarfsmann. Unnt er að fletta upp öllum

minnismiðum tímabils við skýrslugerð, en einnig er hægt að sjá yfirlit allra minnismiða og viðvaranir fyrir stakar tilfellaþætur.

Kerfisstjórnun / uppsetning útstöðva

Atburðaskrá

- Atburðaskrá fyrir innskráningar
- Atburðaskráning aðgerða
- Atburðaskráning útprentunar

Fjölþætt atburða- og leyfisskráning:

Frá sjúkrárárviðmóti er hægt að fá yfirlit yfir þá sem hafa unnið með tiltekna tilfellaþætur, tíma opunar, lokunar, notanda, frá hvaða deild, tilfellaþæturtegund, breytingar og hvaða kerfiseining var notuð og hvernig.

Kerfisstjóri hefur sýn yfir:

- Hugbúnaðarvillur og hvaða kerfiseiningar notandi hefur opnað og í hvaða röð
- Hvaða sjúkraskýrslur hafa verið opnaðar: deildir, tilfellaþætur, notendur, sjúklingar, tími opunar og lokunar
- Inn- og útskráning og tegundir kerfiseininga
- Atburðaskrá yfir kerfisstjórnun

Atburðaskrár eru flokkanlegar

F1 aðstoð

Með því að ýta á F1 á lykklaborðinu fæst aðgangur að handbókum kerfisins. Hjálparkerfið skynjar hvar notandinn er staddur í PMO kerfinu og birtir viðeigandi upplýsingar. Tungumál handbókarinnar fer eftir vali á tungumáli kerfisins. Algeng tungumál í boði eru: íslenska, sænska, enska, norska, danska, gríska, lettneska ofl.

Tölfræði og skýrslur

Í þessari kerfiseiningu er boðið upp á ýmsa möguleika á úttektum, skýrslum og tölfræði. Öll persónuauðkenni sjúklings eru fjarlægð í slíkri úrvinnslu. Algengar skýrslur eru þegar uppsettar í valmynd og geta verið mismunandi eftir deildum og sérfræðigreinum. Notandi getur auðveldlega bætt við eða fjarlægt skýrslur eftir þörfum.


Upphafssíða strax eftir innskráningu: Persónulegt yfirlit yfir verkefni viðkomandi notanda

Þessi kerfiseining virkar sem yfirlitssíða eftir innskráningu. Uppsetningar bjóðast fyrir allar sérfræðigreinar en einnig er hægt að laga útlitið að einstökum notendum kerfisins. Yfirlitssíðan veitir notanda upplýsingar um eigin vinnu með litlum upplýsingagluggum á síðunni. Yfirlitseinngarnar veita notanda hjálp við daglega stjórnsýslu, s.s. bókanir, útfyllingu verkefnalista, undirskriftir, eftirlit o.fl. Svipaðar yfirlitssíður eru fyrir mismunandi tilfellaþætur sérfræðigreina.

Stillingar einstakra notenda

Þessi kerfiseining gefur notendum möguleika til að aðlaga útstöðvar að eigin þörfum. Í boði eru margar mismunandi stillingar til þess að sníða kerfið að þörfum hvers og eins.

Læknar / sérfræðingar





Kerfiseiningar sérfræðings

- ✓ Heyrnarmæling
- ✓ Rannsóknastofa
- ✓ Læknisfræðileg ráðgjöf
- ✓ Mæligildi
- ✓ Sjónpróf
- ✓ Veikindaskráning & vottorð
- ✓ Teiknivíðmót
- ✓ Gagnabirting
- ✓ Vaxtarlínurit
- ✓ Bólusetningar

Almennar kerfiseiningar

- ✓ Greiningaskráning
- ✓ Myndir
- ✓ Eftirfylgni
- ✓ Viðvaranir og athugasemdir
- ✓ Lyfseðill
- ✓ Stöðueftirlit
- ✓ Tákn
- ✓ Hópar


Læknaritarar



Kerfiseiningar samskipta

- ✓ Stafræn talritun
- ✓ Skjöl og eyðublöð
- ✓ Skráning í sjúkraskrá/tilfellabók
- ✓ Yfirlit sjúkraskrár
- ✓ Rafrænar rannsóknaniðurstöður
- ✓ Yfirlit tilfellabókar
- ✓ Útdráttur
- ✓ Undirskrift
- ✓ Rafræn samskipti
- ✓ Tenging ytri tækja
- ✓ Eftirlit með svörun beiðna
- ✓ Tenging við önnur kerfi

Móttaka



Kerfiseiningar móttöku

- ✓ Komuskrá
- ✓ Úrvinnslustími
- ✓ Upplýsingar sjúklings
- ✓ Tímabókun
- ✓ Biðlisti
- ✓ Sjóðsvél
- ✓ Legudeild
- ✓ Komuástæður
- ✓ Heimilisföng
- ✓ Vafri
- ✓ Vinnulistar
- ✓ Innri vefpóstur
- ✓ Minnismiðar

Kerfisstjórnun / uppsetning útstöðva

- ✓ Atburðaskrá
- ✓ Fjölþætt atburða og leyfisskráning
- ✓ F1 aðstoð
- ✓ Tölfræði og skýrslur
- ✓ Forsíða eftir innskráningu
- ✓ Stillingar notanda

kt: 610307-1080
info@sjukraskra.is
www.sjukraskra.is
s: 898-2179

profdoc[®]
Ísland
Viðarrími 38
112 Reykjavík